

# Framtalsgerð og upplýsingaskil rekstraraðila 2014

## Skylduskil á RSK 1.04

Öllum skattskyldum lögaðilum er *skylt* að skila skattfram-tali sínu á forminu *RSK 1.04*. Ennfremur er einstaklingum í atvinnurekstri með veltu yfir 20 m.kr. á árinu 2014 *skylt* að skila uppgjöri rekstrar síns á því formi.

Leiðbeiningar um útfyllingu og skil rekstrarframtalsins fást afhentar á skattstofum. Þær er einnig að finna á vef ríkisskattstjóra, *rsk.is*.

## Skilaleiðir

Skattframtali rekstraraðila *RSK 1.04* má skila:

- Á netframtali á þjónustusíðu framteljanda, *skattur.is*.
- Með tölvuskeyti úr framtalsforriti.
- Á pappírseyðublaði *RSK 1.04*. (*Ef ekki er unnt að skila rafrænt*).

**Eindregið er mælt með því að skattframtal rekstrar-aðila *RSK 1.04* sé fyllt út og skilað á tölvutæku formi.**

Öll rafræn framtöl fá ákveðna *villuprófun*, sem tryggir réttar samtölur og innbyrðis samræmi í útfylltu framtali.

## Vefskil á RSK 1.04

Boðið er upp á skil á *RSK 1.04* í *netframtali ríkisskattstjóra*. Farið er inn á netframtalið í gegnum þjónustusíðu á *skattur.is* og til þess notuð kennitala og veflykill. Veflykillinn er sendur öllum nýjum framteljendum á sérstöku blaði.

## Skil með tölvuskeyti úr framtalsforriti

Skila má *RSK 1.04* með dulrituðu og undirrituðu XML-skeyti, eftir að framtalið hefur verið fyllt út á tölvutæku formi í framtalsforriti endurskoðenda og bókara.

## Fylgiskjöl með RSK 1.04

*RSK 1.04* skal, í öllum tilvikum, fylgja ósamandreg-inn ársreikningur viðkomandi félags, ásamt skýringum. Ársreikningi er hægt að skila rafrænt í gegnum þjónustusíðu á *skattur.is*.

Með *RSK 1.04* skal einnig, eftir því sem við á, skila:

- *RSK 4.01* Eignaskrá.
- *RSK 4.03* Rekstraryfirlit fólksbifreiðar.

- *RSK 4.09* Greinargerð um fólksbifreiðar.
- *RSK 2.025* Greiðsluyfirlit vegna greiðslna til erlendra aðila.
- *RSK 4.21* Greinargerð um skattfrádrátt nýsköpunarfyrirtækis.
- *RSK 4.22* Nýsköpun-samstarfsverkefni.
- *RSK 4.25* Skýrla eiganda í lögaðila á lágskattasvæði.

Lögaðilar í búrekstri þurfa ennfremur að skila sérstöku eyðublaði í rafrænum skilum, *RSK 4.07*, ásamt *RSK 1.04*. Á þessu eyðublaði er útreikningur búnaðargjaldsstofns og yfirlit yfir bústofn. Skili lögaðilar í búrekstri *RSK 1.04* á pappír, þarf að fylgja með bústofnshlutu landbúnaðar-skýrslu *RSK 4.08*, ásamt búnaðargjaldsframtali *RSK 1.09*.

Eyðublöðunum *RSK 10.26* og *RSK 10.27* ber eftir atvikum að skila vegna virðisaukaskatts. Jafnframt þarf að skila eyðublaði *RSK 10.25* vegna hvers virðisaukaskattsnúmer, ef framteljandi hefur fleiri en eitt slíkt númer. Öllum þessum eyðublöðum er hægt að skila rafrænt.

## Pappírsframhaldseyðublað RSK 4.14

Ef ekki eru nógu margar línum á *RSK 1.04* á pappírformi til að sundurliða upplýsingar um samrekstraraðila, skal nota framhaldsblað *RSK 4.14*. Merkja skal í þar til gerðan reit (0060) á *RSK 1.04*.

**Sundurliða skal leiðréttigar skv. reitum 1030, 1040, 1060, 1070, 3170, 3180, 3190, 3290, 4080, 4150, 4160, 4382, 4384, 4390, 4391, 6410, 7190, 0695 og 9621 í sérstakri töflu á framhaldsblaðinu.**

Þar á einnig að sundurliða þær skattalegu leiðréttigar, sem fram koma í reit 4400 á 4. síðu *RSK 1.04*. **Ef reitur 4400 á *RSK 1.04* er útfylltur skal undantekningalaust skila framhaldseyðublaði *RSK 4.14*.**

Kennitala þarf að koma fram á öllum framhaldsblaðönum.

**Sé framtali skilað á tölvutæku formi, þarf aldrei að skila framhaldsblaði *RSK 4.14*, því reitir framhaldsblaðsins eru innbyggðir í tölvutæk skil.**

## Mikilvæg atriði varðandi útfyllingu RSK 1.04 á pappír

- Ljúka þarf útfyllingu alls framtalsins, eftir því sem við á. Allar blaðsíður framtalsins mynda í raun eitt samhangandi form.
- Nauðsynlegt er að fylla út í samtölureiti. Þetta gildir sérstaklega um reiti 4990 og 7990. Í rafrænu framtali er sjálfvirkur útreikningur í samtölureitum.
- Fjárhæðir í reitum 4990 og 7990 skulu undantekningalaust fluttar í reiti 0900/0910 og 0920/0930, á forsíðu framtalsins. Þetta gerist með sjálfvirkum hætti í rafrænu framtali.

## **Skattframtal óskattskyldra lögaðila**

### **- RSK 1.06**

Félög/stofnanir sem njóta undanþágu frá tekjuskatt, skv. 4. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003 (þó ekki félög í 4. tölul. 4. gr.), eiga **ekki** að skila skattframtalí rekstraraðila **RSK 1.04**. Þau geta þó eftir sem áður þurft að skila margvislegum gögnum til skattyfirvalda.

Á sérstöku eyðublaði í rafrænum skilum, **RSK 1.06, Skattframtal óskattskyldra lögaðila**, eiga að koma fram allir gjaldstofnar sem þessi félög geta átt að gera grein fyrir og skila til skattyfirvalda. Hér getur verið um að ræða, eftir atvikum, tryggingagjaldsstofn (ef félagið hefur greitt laun á árinu) og búnaðargjaldsstofn. Hafi félagið haft arð af hlutabréfum, hagnað af sölu hlutabréfa eða vaxtatekjur þarf að fylla út kaflann „Greinargerð um fjármagnstekjur“ á **RSK 1.06**.

**Þau félög sem telja sig undanbegin skattskyldu skv. 4. tölul. 4. gr. tekjuskattslaga eiga þrátt fyrir það að skila hefðbundnu skattframtalí á forminu **RSK 1.04** (en ekki á forminu **RSK 1.06**).**

## **Skil á launaupplýsingum vegna álagningar tryggingagjalds og fjársýsluskatts**

Á árinu 2014 verða skil lögaðila og einstaklinga í rekstri á launaframtalí með óbreyttum hætti frá fyrra ári:

- Skattskyldum lögaðilum skv. I. kafla laga nr. 90/2003 ber að gera grein fyrir gjaldstofni tryggingagjalds og fjársýsluskatts á 6. síðu skattframtales rekstraraðila **RSK 1.04** og eiga þeir því **ekki** að skila hinu hefðbundna launaframtales **RSK 1.05**. Skilafrestur skattframtales lögaðila rennur út í lok maí 2014.
- Einstaklingar, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, og sem skila skattframtalí á pappír, og löggæðilar, sem undanþegnir eru skattskyldu skv. I. kafla laga nr. 90/2003 og skila ekki rafrænu skattframtales **RSK 1.06**, skulu skila launaframtales **RSK 1.05** á pappír, hafi þeir greitt laun eða framlag í lífeyrissjóð á árinu 2013. Skilafrestur launaframtales **RSK 1.05** er til 30. janúar 2014 sé launamiðum skilað á pappír, en til 10. febrúar 2014 sé launamiðum skilað á tölvutæku formi.
- Einstaklingar í rafrænum framtalsskilum skila hvorki launaframtales **RSK 1.05**, né fylla út bls. 6 á skattframtales rekstraraðila **RSK 1.04**, heldur gera þeir grein fyrir gjaldstofni tryggingagjalds á samræmingarblaði **RSK 4.05**.

## **Skil á launamiðum og samtalningsblaði**

Þrátt fyrir að skattskyldir lögaðilar geri grein fyrir stofni til tryggingagjalds og fjársýsluskatts á bls. 6 á **RSK 1.04**, þá eiga þeir eftir sem áður að skila launamiðum **30. janúar 2014** (sé miðunum skilað á pappír) eða **10. febrúar 2014** (sé þeim skilað á tölvutæku formi).

Samtalningsblaði úr launakerfi, þar sem fram koma samtölur allra reita á launamiðum, sem sendir eru til skattifyrvalda, skal skilað með launamiðum sem sendir eru á pappír, geisladiski eða segulmiðli, til afstemmingar við innlestur.

## **Skil á hlutafjármíðum og samtalningsblaði hlutafjár**

Minnt skal að öllum hlutafélögum, einkahlutafélögum, samlagshlutafélögum og samvinnuhlutafélögum ber að skila hlutafjármíðum **RSK 2.045**, ásamt samtalningsblaði hlutafjár **RSK 2.04**. Á hlutafjármíðum þurfa m.a. að koma fram upplýsingar um hlutafjáreign hluthafa í árslok og greiddan arð til þeirra á árinu 2013. Sömu skilafrestir eiga við um skil hlutafjármíða og launamiða.

Með sama hætti eiga samvinnufélög að skila stofnsjóðsmiðum **RSK 2.065** og samtalningsblaði stofnsjóðs **RSK 2.06**.

## **Rafræn skilaleið launamiða og hlutafjármíða**

RSK bauð á árinu 2005 upp á nýjungar í launamiðaskilum, sem fólust í beinum skilum úr launakerfum með XML-skeyti eða skráningu launamiða og innlestri launamiðaskráa á þjónustusíðu launagreiðanda á *skattur.is*.

**Allir launagreiðendur og hlutafélög eru hvött til að nota þessar skilaleiðir vegna skila á launamiðum og hlutafjármíðum.**

Eldri skilaleiðir launamiða og hlutafjármíða (á disklingi eða á pappír) verða þó einnig áfram í boði með óbreyttu sniði á árinu 2014, en stefnt er að lokun þessarra eldri skilaleiða á næstu misserum.

## **Skil á afdreginni staðgreiðslu af vöxtum og arði**

Öllum einkahlutafélögum, hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaða ábyrgð félagsaðila ber að skila **RSK 5.20**, skilagrein vegna skatts af vöxtum og arði. Skýrluna (gíróseðilinn) er unnt að greiða í öllum bönkum, sparsjóðum og hjá innheimtum önnum ríkissjóðs. **Hafi ekki verið um að ræða neinar skattskyldar greiðslur arðs, vaxtatekna eða affalla á árinu, skal skila núllskýrslu til skattyfirvalda.**

Gjalddagar afdreginnar staðgreiðslu skatts af vöxtum og arði eru 20. janúar, 20. apríl, 20. júlí og 20. október en endagi 15 dögum síðar. Greiða skal í síðasta lagi á eindaga.

**Hægt er að standa rafrænt að þessum skilum á þjónustusíðu á *skattur.is*.**